

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Álftamýri 7, 150 Reykjavík. Sími: 510 6700
Gjaldfrjálst nr: 800 6450. Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmaduralthingis.is

Mál nr. 5453/2008.

Reykjavík, 23. janúar 2009.

Hr. Sigursteinn Jósefsson
Fögrubrekku 33
200 Kópavogur.

Með tilvísun til kvörtunar þeirrar sem þér hafið lagt fram skal upplýst að umboðsmanni Alþingis hefur borist bréf frá iðnaðarráðuneytinu, dags. 22. janúar sl., og fylgir það hér með í ljósriti. Rétt er að þér sendið umboðsmanni þær athugasemdir sem þér teljið ástæðu til að gera af því tilefni fyrir 6. febrúar nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis,



Hafsteinn Þór Hauksson.

LJÓSRIT



Umboðsmaður Alþingis
Alftamýri 7
150 REYKJAVÍK

ÍÐNADARRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvali 150 Reykjavík
sími: 545 8500 þrífasi: 562 1289
postur@idn.stjr.is
idnadarraduneyti.is

Reykjavík 22. janúar 2009
Tilv.: IDN08100016/23.120

Vísað er til bréfs umboðsmanns Alþingis, dags. 18. nóvember 2008, vegna kvörtunar Sigursteins Jósefssonar á þeirri ákvörðun iðnadarráðuneytis að veita framlengingu á bráðabirgðaleyfi Björgunar ehf. til að dæla jarðefnum á Laufagrunni í Hvalfirði meðan beðið er eftir mati á umhverfisáhrifum efnistöku á svæðinu. Í bréfinu er aðdragandi málsins rakinn og óskað eftir að ráðuneytið skýri afstöðu sína til kvörtunar Sigursteins og veiti upplýsingar og skýringar á nánar tilteknum atriðum. Ráðuneytið biðst velvirðingar á töfum sem orðið hafa á afgreiðslu erindisins, sem rekja má til forfalla starfsmanns og anna vegna undirbúnings útbóðs á rannsóknarleyfum vegna olíuleitar.

I.

Í kvörtun er vísað til bréfs Orkustofnunar, dags. 28. febrúar 2008, til Kjósarhrepps o.fl. þar sem fram kemur að óheimilt sé að veita vinnsluleyfi fyrir efnistöku fyrir en að afstöðnu mati á umhverfisáhrifum og af því dregin sú ályktun að iðnadarráðherra hafi farið þvert á tilmæli Orkustofnunar og gefið undanþágu á framlengingu bráðabirgðaleyfis í þeirra óþökk. Þótt leggja megí þann skilning í bréf Orkustofnunar að óheimilt sé að gefa út leyfi til efnistöku nema að undangengu mati á umhverfisáhrifum telur ráðuneytið að sá skilningur stangist á við ákvæði laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, eins og nánar er vikið að hér að neðan.

II.

Í bréfi umboðsmanns er óskað eftir því að ráðuneytið lýsi viðhorfi sínu til þess hvort og þá hvernig umrædd leyfisveiting samrýmist ákvæðum 2. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1990 og 1. og 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 með áorðnum breytingum.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1990 er óheimilt að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum nema að fengnu skriflegu leyfi iðnadarráðherra. Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1990 er kveðið á um að við veitingu leyfa samkvæmt lögnum skuli gætt ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Samkvæmt 13. gr. þeirra laga er óheimilt að gefa út leyfi til framkvæmdar skv. 5. eða 6. gr. fyrir en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

Framkvæmdum sem falla undir gildissvið laga nr. 106/2000 er skipt í annars vegar matsskyldar framkvæmdir, sbr. 5. gr. laganna, og hins vegar framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum, sbr. 6. gr. laganna. Í greinunum er vísað til viðauka við löginn varðandi

nánari skilgreiningu á framkvæmdum sem undir þær falla. Í 1. viðauka við lögin er að finna upptalningu á þeim framkvæmdum sem eru matsskyldar, en í 2. viðauka eru taldar upp framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Þeir töluðir sem varða efnistöku af hafsbötni eru 21. tölu. 1. viðauka (áætluð efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri) og a-liður 2. tölu. 2. viðauka (efnistaka á landi eða úr hafsbötni þar sem áætluð efnistaka raskar 25.000 m² svæði eða stærra eða er 50.000 m³ eða meiri, eða efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m²). Framkvæmdir sem eru neðan tiltekinna marka í 2. viðauka eru ekki háðar mati á umhverfisáhrifum og þær þarf samkvæmt ákvæðum laganna ekki að tilkynna Skipulagsstofnun.

Björgun ehf. hefur nú í undirbúningi umsókn um leyfi til efnistöku vegna framtíðaráforma um efnistöku fram til ársins 2018 á þremur svæðum; Kollafirði, Hvalfirði og á sunnanverðum Faxaflóa. Ekki er lengur deilt um matsskyldu þessara framkvæmda og hefur verið unnið að mati á umhverfisáhrifum þeirra í ljósi niðurstöðu Skipulagsstofnunar, úrskurðar umhverfisráðherra og dóms Hæstaréttar. Þegar álit Skipulagsstofnunar í mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra efnistökuframkvæmda liggja fyrir verður unnt að gefa út leyfi til efnistöku að teknu tilliti til álita Skipulagsstofnunar, sbr. ákvæði laga nr. 73/1990 og laga nr. 106/2000. Mat á umhverfisáhrifum einstakra svæða er mislangt á veg komið en í nóvember sl. skilaði Skipulagsstofnun álit vegna framkvæmda í Kollafirði. Þá hefur verið lögð fram frummatsskýrsla vegna framkvæmda í Hvalfirði og unnið er að mati á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda í sunnanverðum Faxaflóa. Gert er ráð fyrir að endanlegar niðurstöður liggi fyrir á næstu mánuðum svo unnt verði að gefa út endanleg leyfi fyrir framkvæmdum fyrir 1. mars nk.

Eins og fram kemur í umsókn Björgunar ehf. og í leyfi ráðuneytisins, dags. 5. september 2008, er fyrirtækið mikilvægur birgir malar og sands til framkvæmda í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, auk þess sem Björgun ehf. hefur séð Sementsverksmiðjunni fyrir skeljasandi til framleiðslu á sementi. Stöðvun á efnistöku Björgunar í ágúst 2008 og þar til unnt hefði verið að gefa út leyfi til efnistöku í samræmi við þær áætlanir sem Skipulagsstofnunar hefur til umfjöllunar hefði haft alvarlegar afleiðingar fyrir bæði fyrirtækið sjálft sem og viðskiptavinum þess. Þannig hefði stöðvun á starfsemi leitt til þess að framleiðsla í Sementsverksmiðjunni hefði stöðvast en Björgun ehf. hefur á grundvelli heimilda sinna séð Sementsverksmiðjunni fyrir um 150.000 tonn af skeljasandi á ári til sementsframleiðslunnar. Af þessari ástæðu, og með hliðsjón af því að áður hafði verið fellt niður ótakmarkað leyfi Björgunar ehf. til efnistöku fram til ársins 2021 auk þeirrar staðreyndar að Björgun ehf. vann á þeim tíma er heimildin var veitt að mati á umhverfisáhrifum vegna framtíðarefnistöku á svæðinu, taldi ráðuneytið rétt að framlengja takmarkaða heimild Björgunar ehf. til efnistöku á umræddum svæðum. Í ljósi afstöðu landeigenda til efnistöku í Hvalfirði og Kollafirði, sem hefur um langt skeið legið fyrir, og ákvæða laga nr. 106/2000 voru settar ýmsar takmarkanir á heimild Björgunar ehf. Í fyrsta lagi takmarkast heimildin við efnistöku úr þeim námum sem þegar eru í notkun og er áskilið að efnistaka úr hverri námu sé innan þeirra marka sem sett eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum um matsskyldu slíkra framkvæmda. Í öðru lagi er kveðið á um að Björgun ehf. beri á gildistíma heimildarinnar að fylgja þeim mótvægisáðgerðum, vöktunar- og viðbragðsreglum sem kynntar hafa verið í mati á umhverfisáhrifum. Í þriðja lagi er einungis veitt heimild til efnistöku úr hluta þeirra náma sem Björgun ehf. hefur haft og stefnir að efnistöku úr í framtíðinni, en í heimildinni eru taldar upp 15 námasvæði sem undanskildar eru og því óheimilt að taka efni úr. Í fjórða lagi er í leyfinu kveðið á um að efnistöku skuli haldið eins langt frá landi og kostur er og ekki nær landi en 500 metrum frá stórstraumsfjöruborði á 4 námasvæðum, m.a. Laufagrunni, sem er það efnistökusvæði sem kvörtun lýtur að.

Að mati ráðuneytisins er ákvæði 13. gr. laga nr. 106/2000 bundið við framkvæmdir sem eru ofan þeirra marka sem tilgreind eru í 1. og 2. viðauka laganna. Ekki er þörf á að leita umsagnar


Skipulagsstofnunar um leyfisveitingar vegna framkvæmda sem liggja neðan þeirra marka, þar sem slíkar framkvæmdir eru ekki taldar hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laganna. Þetta á sér m.a. stöð í 1. gr. laga nr. 106/2000 þar sem segir m.a. að markmið laganna sé að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar og að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar. Í samræmi við þetta er í heimild ráðuneytisins er gerður fyrirvari við ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum þar sem kveðið er á um að efnistaka úr hverri námu takmarkist við þau mörk sem sett eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum um matsskyldu slíkra framkvæmda. Til að draga enn frekar úr líkum á því að framkvæmdir á grundvelli heimildarinnar hefðu í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif undanskildi ráðuneytið 15 námasvæði og kvað á um að efnistöku skyldi haldið eins langt frá landi og kostur væri og ekki nær landi en 500 metrum frá stórstraumsfjöruborði á fjórum námasvæðum, m.a. Laufagrunni. Þessu til viðbótar er kveðið á um að Björgun ehf. beri á gildistíma heimildarinnar að fylgja þeim mótvægisáðgerðum, vöktunar- og viðbragðsreglum sem kynntar hafa verið í mati á umhverfisáhrifum. Þessi skilyrði og sú staðreynd að ekki er um að ræða efnistöku á nýjum svæðum telur ráðuneytið að leiði til þess að ekki hljóti umtalsverð umhverfisáhrif af umræddri efnistöku.

III.

Í bréfi umboðsmanns er óskað eftir því að ráðuneytið veiti nánari skýringar á því hverju vinnu við gerð reglugerðar um framkvæmd laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, líður og hvenær vænta megi að þeirri vinnu ljúki. Með bréfi, dags. 4. nóvember 2008, sendi ráðuneytið til umsagnar meðfylgjandi drög að reglugerð um leit og nýtingu auðlinda hafsbotsins, sem ætlunin er að setja á grundvelli heimildar í 5. gr. laga nr. 73/1990. Reglugerðardrögin voru send Lex lögmennsstofu f.h. Björgunar ehf., Hafrannsóknarstofnuninni, Orkustofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum iðnaðarins, Siglingastofnun Íslands, og Umhverfisstofnun. Við gerð reglugerðarinnar var horft til ákvæða laganna og framangreinds leiðbeiningarrits. Viðamiklar athugasemdir bárust frá nokkrum umsagnaraðilum seinni hluta nóvembermánaðar og er ráðuneytið nú að vinna úr þeim athugasemdum. Gert er ráð fyrir að reglugerðin verði gefin út innan mánaðar.

Fyrir hönd ráðherra


Kristján Skarphéðinsson


Guðjón Axel Guðjónsson

Fylgiskj.: Drög að reglugerð um leit og nýtingu auðlinda hafsbotsins